

**SÉRKJARASAMNINGUR**  
**milli**  
**Verkalýðsfélags Þórshafnar**  
**og**  
**Samtaka atvinnulífsins**  
**vegna starfsmanna í fiskmjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja á Þórshöfn**

**1. gr.**

**Samningstími**

Kjarasamningur aðila vegna starfsmanna í fiskmjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja á Þórshöfn framlengist til 15. maí 2019 með þeim breytingum sem kveðið er á um í samningi þessum og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

**2. gr**

**Laun**

Kauptaxtar verða sem hér segir:

**Almennir starfsmenn**

	Frá 1. mars 2017		Frá 1. maí 2018	
	Mán.l.	Dagv.	Mán.l.	Dagv.
Byrjunarlaun	316.908	1.828,35	326.415	1.883,20
Eftir 1 ár í starfsgrein	320.250	1.847,63	329.857	1.903,06
Eftir 3 ár í starfsgrein	323.643	1.867,21	333.352	1.923,22
Eftir 5 ár í starfsgrein	327.087	1.887,08	336.900	1.943,69
Eftir 7 ár hjá sama fyrirtæki	330.583	1.907,24	340.500	1.964,46

**Starfsmenn með SF-námskeið**

	Frá 1. mars 2017		Frá 1. maí 2018	
	Mán.l.	Dagv.	Mán.l.	Dagv.
Byrjunarlaun	337.734	1.948,50	347.866	2.006,96
Eftir 1 ár í starfsgrein	343.022	1.979,01	353.313	2.038,38
Eftir 3 ár í starfsgrein	346.750	2.000,52	357.152	2.060,53
Eftir 5 ár í starfsgrein	350.534	2.022,35	361.050	2.083,02
Eftir 7 ár hjá sama fyrirtæki	354.374	2.044,50	365.005	2.105,84

SB  
58

## Starfsmenn með SF-námskeið og viðbótarnámskeið

	Frá 1. mars 2017		Frá 1. maí 2018	
	Mán.l.	Dagv.	Mán.l.	Dagv.
Byrjunarlaun	344.686	1.988,61	355.027	2.048,27
Eftir 1 ár í starfsgrein	353.425	2.039,03	364.028	2.100,20
Eftir 3 ár í starfsgrein	357.273	2.061,23	367.991	2.123,07
Eftir 5 ár í starfsgrein	361.179	2.083,77	372.014	2.146,28
Eftir 7 ár hjá sama fyrirtæki	365.141	2.106,63	376.096	2.169,82

Eftir endurnýjun almenns kjarasamnings SA og Vlf. Þórshafnar árið 2019 munu aðilar taka upp viðræður um framlengingu samningsins. Aðilar eru sammála um að launabreyting starfsmanna sem taki laun skv. samningi þessum gildi frá sama tíma og samið verður um í almennum kjarasamningum árið 2019.

### 3. gr.

#### Vaktavinna

1. mgr. gr. 3.2 orðist svo:

Í vaktavinnu skal greiða meðalvaktalaag, 36%, á vinnu vaktavinnnumanna hvort sem unnið er á tvískiptum 12 tíma vöktum, tveir hópar, eða tvískiptum 12 tíma vöktum, þrjú hópar. Meðalvaktalaagið felur í sér vaktaálög, skv. gr. 18.3.2 í samningi SGS og SA, og áðurgildandi frívaktarákvæði.

Inn komi málgrein sem verði 4. mgr. greinar 3.7:

Ef vaktir eru skipulagðar með skiptivaktardegi (tvískiptar vaktir) og starfsmenn uppfylla ofangreind ákvæði, skal vaktavinna um helgi undanskilin ofangreindu ákvæði um 40 klst. vinnuskil. Helgi er 48 klst. tímabil sem nær a.m.k. til tímabilsins frá kl. 07:30 / 08:00 á laugardagsmorgni til kl. 24:00 á sunnudagskvöldi.

Grein 3.12 orðist svo:

Á vöktum eða þegar brætt er utan vakta fá starfsmenn greiddan kaupauka – vaktabónus. Greiddar eru kr. 167 á klst. (kr. 2000 á 12 klst. vakt).

### 4. gr.

#### Um vinnuföt

Grein 6.3 orðist svo:

Útvinnumenn og þróarmenn skulu fá vatnsheldan hlífðarfátnað og/eða kuldagalla/úlpu og skal hann endurnýjaður eftir þörfum. Verkamenn sem vinna með skaðleg efni, eða við óþrífaleg störf skulu fá gúmmihanska eftir þörfum.

## 5. gr.

Verði almennum kjarasamningum SA og stéttarfélaganna sagt upp í febrúar 2018 og samið um meiri hækkun launa munu aðilar taka upp viðræður um breytingu á launalið samnings þessa. Sama á við ef gerðar verða breytingar á almennum kjarasamningum á gundvelli forsenduákvæða þeirra.

Reykjavík, 27. júní 2017

F.h. Vlf. Þórshafnar

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Sigríður Jóhannesdóttir  
Svein Ólafsson

Ragnar Arnarson

### Bókun vegna neysluhléa

Aðilar eru sammála um að greiðsla fyrir sveigjanleg neysluhlé og tilfallandi vinnu í neysluhléum sé innifalin í kauptöxtum. Ef vinna er hins vegar skipulögð á þann hátt að starfsmenn eiga almennt ekki kost á að taka að fullu þau neysluhlé sem kjarasamningurinn kveður á um þá skuli koma greiðsla fyrir.